

Knattspyrnufélagið Þróttur

Síða- og starfsreglur



Siðareglur

Hlutverk siðareglna (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði af ýmsum gerðum. Í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsíákvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttagreina.

Siða- og starfsreglur þessar eru í stöðugri þróun og verða endurskoðaðar árlega fyrir aðalfund félagsins.

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það
3. Hrósa öllum iðkendum á meðan á æfingu, leik eða keppni standur, ekki aðeins þínu barni
4. Hvetja börnin til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis
5. Hvetja börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs. Ekki gera grín að barni ef mistök eiga sér stað.
6. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni standur.
7. Líta á dómarmann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
8. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum
9. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu
10. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum
11. Spyrja barnið hvort keppnin eða æfingin hafi verið spennandi eða skemmtileg, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið

Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það

4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum
5. Þræta ekki eða deila við dómarann
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig
9. Mæta á réttum tíma á æfingar, keppnir eða annað sem við kemur félaginu

Iðkandi (eldri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta
2. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum
4. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína með því t.d. að neyta ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn
5. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins
6. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra og forðast neikvæð ummæli eða skammir óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
7. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig
8. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska
9. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda
10. Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Hafa ber í huga að þú ert að byggja upp fólk bæði líkamlega og andlega
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka
6. Kenndu iðkendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni
7. Vertu jákvæður, réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum
8. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni
9. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra
10. Veittu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf og viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum
12. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði

13. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með skriflegu leyfi foreldra
14. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
15. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan
16. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja
17. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks
18. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
19. Forðastu alla líkamlega snertingu og orðfæri sem kann að valda óþægindum eða hægt er að túlka sem áreiti.

Stjórnarmaður/starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk
8. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsskilaaðferðum
9. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins
10. Taktu og beittu gagnrýni á jákvæðan hátt

Starfsreglur

Ferðamáti á keppnisstað

- Knattspyrnufélagið Þróttur mælist til þess að foreldrar/forráðamenn fari á einkabílum með börnum sínum í styttri ferðir þ.e. ferðir á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess.
- Þegar farið er á einkabílum skal bílstjóri undantekningalaust fá samþykki foreldra þeirra barna sem hann er ekki forráðamaður yfir að hann sé bílstjóri ferðarinnar.
- Í lengri ferðir er farið með rútu nema viðkomandi deild ákveði annað.
- Þær rútur sem pantaðar eru til ferða á vegum félagsins skulu ávallt uppfylla þær öryggiskröfur sem gerðar eru til hópferðabíla í dag, m.a. öryggisbelti fyrir alla farþega.

Mót/keppnisferðir

- Lögð er áhersla á að ekki verði farið á mót á vegum deilda félagsins nema með lágmarks farar- og liðsstjórn. Ekki er hægt að ætlast til að þjálfari beri einn ábyrgð á hópnum í mótum og keppnisferðum.
- Ef um gistingu er að ræða skulu aldrei færri en tveir fararstjórar gista í sömu stofu/rými á mótsstað.
- Farar- og liðsstjórar skulu valdir og samþykktir á foreldrafundum sem eru boðaðir a.m.k. viku fyrir keppnisferðir og mót.
- Ef athugasemdir eru gerðar við farar- eða liðsstjóra skal hún berast til þjálfara eða íþróttafulltrúa félagsins a.m.k. 2 dögum fyrir fyrirhugaða keppnisferð eða mót.
- Lögð er áhersla á að kostnaði við keppnisferðir og mót sé haldið í lágmarki til að auðvelda þátttöku allra þeirra iðkenda sem vilja. Skipulagning og útfærsla þess er í höndum viðkomandi deildar.
- Mælst er til þess við foreldraráð deilda að öllum iðkendum skuli gefið færi á að safna sér fyrir mótakostnaði og ferðum í gegnum fjáraflanir á vegum félagsins eins og kostur er.

Agamál

- Knattspyrnufélagið Þróttur leggur mikla áherslu á að leikmenn, þjálfarar og foreldrar séu félaginu til sóma í öllu því sem þeir gera í nafni félagsins. M.a. varðandi keppnisferðir og leiki.
- Komi upp mál sem geta haft neikvæð áhrif á starfið skal þeim vísað til eftirfarandi aðila.
Atriðið er varða foreldra: Unglingaráð viðkomandi deildar.
Atriði er varða þjálfara: Yfirþjálfara viðkomandi deildar / Unglingaráð viðkomandideildar.
Atriði er varða iðkendur: Þjálfarar.
- Ef ekki tekst að leysa ágreiningsefni með þessum hætti skal þeim vísað til íþróttafulltrúa félagsins til umfjöllunar.
- Mjög alvarleg brot eru tekin fyrir af aðalstjórn félagsins.

Einelti – leiðbeinandi vinnubrögð

- Einelti er samfélagslegt vandamál og þess vegna bera allir ábyrgð á því. Allir eru skyldugir að bregðast við því ef grunur vaknar um að einhver sé lagður í einelti.
- Einelti getur haft varanleg áhrif á þolanda og því ber að bregðast við því sem fyrst verði þess vart.
- Einnig þarf að huga að gerandanum sem getur átt í miklum vandræðum sem leiða til þessarar hegðunar. Það er okkar skylda að aðstoða hann.
- Foreldrar verða að vera vakandi fyrir líðan barnsins síns og annarra barna sem í kringum þau eru. Ekkert er óviðkomandi ef einhverjum líður illa.
- Einelti verður ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er það markmið okkar að öllum líði vel.
- Þegar grunur vaknar um að iðkandi sé lagður í einelti skal málinu vísað til þjálfara hópsins. Hann skal tilkynna íþróttafulltrúa / yfirþjálfara um málið.
- Aðilar þessir skulu kynna sér málið betur með því að ræða við starfsfólk, umsjónarkennara og aðra þá sem eru að vinna með viðkomandi.

- Ef um einelti er að ræða skal vinna málið í samvinnu við umsjónarkennara og skólastjórnendur.
- Ef verið er að vinna í málinu innan skólans skal óska eftir því að íþróttafélagið fái að fylgjast með.
- Gera skal forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni og óska eftir liðsinni þeirra.
- Halda skal fund þar sem skipaður er ábyrgðarmaður þessa mála.
- Vinna skal í samvinnu við alla aðila að framkvæmdaráætlun sem miðar að því að eineltið hætti. Þetta er gert með hugsanlegri utanaðkomandi aðstoðar, ss. sálfræðings, fulltrúa regnbogabarna, Þjónustumiðstöðvar Laugardals og annarra aðila.

Jafnréttismál

- Það er stefna Knattspyrnufélagsins þróttar að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins.

Allir einstaklingar innan Knattspyrnufélagsins þróttar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð trúbrögðum og kynþætti. Þróttur mælir með:

- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, hreim eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi þróttar.

Til að koma í veg fyrir fordóma gegn kynþáttum hvetur þróttur sína iðkendur til að:

- Taka ekki undir með þeim sem lætur í ljós fordóma.
- Biðja gerandann um að setja sig í spor þess sem hann fordæmir.
- Fræða gerandann.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.

Fræðslu og forvarnastarf

- Knattspyrnufélagið þróttur hvetur alla iðkendur sína að temja sér heilbriggt líferni og taka þátt í íþróttastarfi eins lengi og þeir geta, hvort sem um er að ræða keppni, stjórnunarstörf eða annað innan félagsins.

- Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.
- Knattspyrnufélagið Þróttur mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18. ára aldri og verða foreldrar undantekningalaust upplýstir um slíka neyslu.
- Knattspyrnufélagið Þróttur mun eftir fremsta megni taka þátt í að aðstoða foreldra og iðkendur er kunna að rata á ranga braut.
- Knattspyrnufélagið Þróttur mun ekki auglýsa áfengis eða tóbakauglýsingar á okkar íþróttasvæði og í blöðum sem við gefum út. Öll notkun tóbaks á og við íþróttasvæðið er bönnuð.
- Lögð er mikil áhersla á að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.
- Lögð er áhersla á að halda iðkendum eins lengi og kostur er í íþróttastarfi á vegum félagsins .
- Lögð er áhersla á að þjálfarar og félagsfólk okkar taki þátt í að vinna gegn notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna og ólöglegri lyfjanotkun, og séu vakandi fyrir þeim einkennum sem slíkri notkun fylgir.
- Knattspyrnufélagið Þróttur leggur áherslu á að eldri flokkar félagsins og þjálfarar séu fyrirmynd fyrir yngri iðkendur okkar og þeir hvorki reyki eða noti munntóbak á íþróttasvæðinu.